



MENNTASKÓLINN
Á EGILSSTÖÐUM

Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2014-2015

júní 2015

Efnisyfirlit

Almennt um starfið.....	2
Nemendakönnun	2
Áfangamat	3
Könnun á viðhorfum og líðan kennara	4
Næstu verkefni	6

Almennt um starfið

Á haustönn 2014 skipuðu sex kennarar starfshóp um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Það eru Árni Ólason, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Jóney Jónsdóttir, Kristian Guttesen, Maríanna Jóhannsdóttir og Soffía Ingvarsdóttir. Jón Ingi var verkefnisstjóri hópsins. Á haustönn voru haldnir 5 fundir og á vorönn 3. Tímafjöldi vegna funda og vinnu á skólaárinu voru 85 klst.

Frá haustdögum 2011 hefur starf innra mats hópsins að mestu leytandi snúið að þeim náms- og kennsluháttum sem þá voru teknir upp, þ.e. spönnum og verkefnatímum. Haustið 2013 víkkaði hópurinn út athuganir sínar og jók áherslu á almennt starf í skólanum. Því var haldið áfram á þessu skólaári. Áhersla var lögð á að meta viðhorf kennara og nemenda til skólastarfsins í heild og að kanna starfsanda og líðan kennara með samanburð við fyrra ár í huga. Báðum hópum var gefinn kostur á að koma með tillögur til úrbóta.

Á haustönn var viðhorfakönnun lögð fyrir nemendum. Að beiðni skólastjórnenda var áfangamat lagt fyrir í öllum áföngum á sérhverri spönn skólaársins. Ein könnun var lögð fyrir kennara, hún varðaði viðhorf til skólastarfsins og líðan og starfsánægju. Til stóð að kalla saman rýnihóp nemenda en af því varð ekki.

Á fundum vetrarins hefur starfshópurinn rætt um að halda svipuðu starfi áfram næsta vetur og bæta við viðhorfakönnun um jafnrétti. Ákveðið er þó að leggja áfangamat sjaldnar fyrir en gert var í vetur og kalla rýnihóp nemenda saman.

Nemendakönnun

Í nóvember 2014 var könnun á líðan og viðhorfum lögð fyrir alla nemendum í dagskóla 210 nemendum svöruðu könnuninni eða 81%. Fleiri stelpur svöruðu en strákar. Í könnuninni var spurt um líðan og viðhorf nemenda til þeirra sjálfra, framtíðarsýn og viðhorf til ýmissa þátta skólastarfsins. Í líðan var m.a. spurt um vellíðan, hamingju, sjálfsálit og kvíða. Spurningar um viðhorf til skólastarfsins sneru að viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum, mötuneyti, heimavist, viðhorf til fatlaðra nemenda, félagslífið, einelti, áreitni og ofbeldi. Gefinn var kostur á opnum svörum þar sem nemendur gátu komið með gagnlegar ábendingar um það sem þeim þykir jákvætt við skólann og/eða það sem þeim þykir neikvætt við skólann.

Helstu niðurstöður voru þær að heimavistarbúum ME líður vel á heimavistinni og stærri hluti nemenda er ánægður með mötuneytið. 29% líður mjög vel á heimavistinni og 66% frekar vel. 52% eru frekar ánægð með mötuneytið og 21% mjög ánægð. Rúmlega fjórðungur er frekar eða mjög óánægður með mötuneytið. 60% nemenda líkaði nýnemamóttaka í haust illa eða mjög illa. Helmingur nemenda skólans vinnur með námi sínu, 19% 1-5 klst. á viku, 13% 6-10 klst. á viku, 14% 11-20 klst. á viku og 4% eða 9 nemendur 21-30 klst. á viku. Þegar nemendur eru spurðir um hversu hamingjusama þeir telja sig vera á skalanum 1-10 þar sem 10 er mest merkja 11% við 10, 23% við 9 og 28% við 8. Fjórir nemendur merkja við 2, tveir við 3, sex við 4 og sextán við 5. Athygli vekur að 22 nemendum eða 10% líður ekki vel í skólanum og 61 finnur fyrir kvíða í skólanum. 85% nemenda eru sammála því að þeir hafi marga góða eiginleika, 92% að þeir séu að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir,

84% að þeir hafi jákvætt viðhorf til sín, 83% að þeir geti gert hlutina jafn vel og flestir aðrir og 85% eru í heildina ánægð með sig. 29% eru sammála því að stundum finnst þeim þeir vera einskis virði og 27% finnst þeir ekki hafa mikið til að vera stoltir af. 93% nemenda eiga góða vini í skólanum, 94% eiga góð samskipti við aðra nemendur og 97% eiga góð samskipti við starfsfólk. Fjórðungur nemenda hefur velt fyrir sér að hætta í skólanum á þessari önn og 4% hefur hugsað það mjög ákveðið. 4% hafa orðið vör við einelti meðal nemenda á haustönninni og 1% hefur orðið fyrir einelti. 88% nemenda finnst ekki óþægilegt að eiga samskipti við fatlaða nemendur í skólanum, 62% þeirra eru í öllum tilvikum hlynnt því að fatlaðir nemendur sæki nám í sama áfanga og þeir, 26% eru hlynnt því ef engin truflun stafar af nemandanum og 2% eru mótfallin í öllum tilvikum. Rúmlega helmingur nemenda tekur mikinn eða nokkuð mikinn þátt í félagslífi skólans og 28% tekur lítinn þátt. 88% finnst félagslífið mjög gott eða frekar gott en 12% frekar slæmt. 60% nemenda finnst Nemendafélag ME hafa staðið sig frekar vel í vetur, 32% mjög vel, 7% frekar illa og 1% mjög illa. 87% nemendanna stefna á að ljúka stúdentsprófi, 7% ætla að ljúka einhverjum einingum til að eiga möguleika á betra starfi, 3% vilja ljúka bóklegum fögum til verknáms og 4% merktu við annað. Að loknu námi stefna 48% nemenda í háskólanám, 27% eru óráðin, 11% ætla beint í vinnu, 5% í verknám og 9% merktu við annað. 93% nemenda eru mjög ánægð eða frekar ánægð með spanakerfið, 88% með verkefnatímana, 82% með fyrirkomulag íþróttatíma, sama hlutfall með fjarvistakerfið en aðeins 57% með umsjónartímana. Stórum hluta nemenda finnst námið í ME erfitt, 74% frekar erfitt og 5% mjög erfitt. 21% telja það frekar létt. Nemendur eru ánægðir með að hafa valið ME eða 97% og öllum nema einum finnst kennslan góð eða mjög góð. Þegar nemendur eru spurðir hvort þeir séu sáttir við árangur sinn í skólanum svara 30% mjög, 52% frekar, 17% eru frekar ósátt og 2% mjög ósátt. Alla nemendur nema einn langar til að standa sig vel í námi. 7% nemenda myndu ekki mæla með skólanum við vini sína.

Þar sem könnunin nú var ekki á sama formi og síðustu ár verða niðurstöður hennar ekki bornar saman við fyrri ár.

Áfangamat

Undanfarin ár hefur áfangamat verið lagt fyrir í ME, þó ekki skólaárið 2011-2012. Markmið með áfangamatinu er margþætt. Kennarar fá mat á starfi sínu, stjórnendur skólans fá mat nemenda, tekin er staða á nýtingu verkefnatíma, hvort nemendur geta fengið aðstoð og hvort þeir geta unnið sjálfstætt. Áfangamatið hefur verið nýtt í samtölum sem mannauðsstjóri á við starfsmenn. Með þeim hætti nýtist áfangamatið á jákvæðan hátt til að efla starfsmann í sínu starfi og nýta áfangamatið til að leysa úr vanda ef einhver er. Rétt er að hafa í huga að áfangamat kann að vera viðkvæmt og persónulegt því getur verið vandasamt að vinna með það í viðtölum. Á skólaárinu 2014-2015 var áfangamat lagt fyrir nemendur í öllum áföngum á sérhverri spönn eða alls fjórum sinnum.

Nemendur mátu áfanga sína á fyrri haustspönn 2014 í annarri viku október, á seinni haustspönninni í þriðju vikunni í nóvember, á fyrri vorspönn 2015 í annarri viku

febrúar og á seinni vörspönninni í síðustu vikunni í apríl. Þannig voru báðir áfangar metnir hverju sinni hjá sérhverjum kennara. Notast var við vefkönnunarkerfið SurveyMonkey. Tenglar á könnunina voru settir upp á Moodle, kennsluvef skólans. Meðaltal áfangamats vann Árni Ólason áfangastjóri. Kennarar fengu niðurstöður eigin áfanga í tölvupósti og samantekt var birt á kaffistofu kennara til samanburðar við áfangakönnun vorið 2013. Meðaltalið er birt á heimasíðu skólans á svæði innra mats¹.

Almennt eru niðurstöður áfangamatsins jákvæðar. Þeir þættir sem nemendur eru ánægðastir með² á fyrri og seinni haustspönn 2014 er eftirfarandi: „hvetur til sjálfstæðra vinnubragða“, „sýnir nemendum sanngirni“, „er stundvís“, „er sveigjanlegur“, „bregst vel við spurningum/athugasemdum“ og „leitar eftir álitni nemenda“. Það sem nemendum á fyrri og seinni haustspönn 2014 finnst að helst mætti bæta eru eftirfarandi atriði: „er hvetjandi“, „útskýrir vel“, „gerir námið áhugavert“ og „sýnir fram á tilgang með náminu“.

Samanburður á áfangamati fyrri og seinni haustspönnna 2014 sýnir óverulegan mun á útkomu ofangreindra þátta. Á fyrri vörspönn 2015 hafa þættirnir „heldur góðum vinnuanda“ og „er stundvís“ aukist örlítið. Eins hafa þættirnir „gerir námið áhugavert“ og „sýnir nemendum sanngirni“ aukist. Þá jókst einnig vægi þáttarins „sýnir fram á tilgang með náminu“. Á seinni vörspönn 2015 höfðu allir þættir sem spurt var út í, það er „útskýrir vel“, „bregst vel við spurningum“, „ber umhyggju fyrir nemendum“, „er hvetjandi“, „heldur góðum vinnuanda“, „er stundvís“, „gerir námið áhugavert“, „sýnir nemendum sanngirni“, „hvetur til sjálfstæðra vinnubragða“ og „sýnir fram á tilgang með náminu“, aukist umtalsvert. Þeir þættir sem (þrátt fyrir aukninguna á öllum sviðum) koma verst út á seinni vörspönn 2015 eru: „gerir námið áhugavert“, „sýnir fram á tilgang með náminu“, „útskýrir vel“, „heldur góðum vinnuanda“ og „er sveigjanlegur“.

Könnun á viðhorfum og líðan kennara

Í mars 2015 var könnun um viðhorf og líðan lögð fyrir alla kennara ME. Spurningarnar voru margar í samræmi við þær sem lagðar voru fyrir ári áður svo hægt væri að bera líðan og starfsanda saman við niðurstöður frá mars 2014. Margar spurninganna lutu að vinnuálagi, samskiptum og starfsanda, einnig var m.a. spurt um samþættingu, umsjónarkennslu, mánudagsfundir, gæði náms, agastjórn, jafnrétti, starfsanda, starfsánægju og streituvalda. Notast var við könnunarhugbúnað SurveyMonkey á netinu. 25 kennarar svöruðu könnuninni eða 89%. Niðurstöður voru teknar saman og kynntar á kennarafundi. Auk þess var samantekt helstu niðurstaðna send

¹ Áfangamat haustið 2014. Meðaltöl úr matskönnun meðal nemenda. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://me.is/images/afangamatid2014.pdf).
<http://me.is/images/afangamatid2014.pdf>

² Þess má geta að undanfarin ár hefur verið spurt út í þáttinn „er undirbúinn fyrir tíma“, en það var ekki gert á þessu skólaári.

starfsmönnum í tölvupósti. Þær eru aðgengilegar á sameign kennara auk þess er spurningalistinn á heimasíðu skólans á svæði innra mats³.

Langflestir kennarar eru sammála því að vinnan veiti þeim gleði, þeir hafa gott vald á starfi sínu sem þeir segja bjóða upp á krefjandi verkefni sem gaman er að glíma við og þeim líður vel í starfsmannahópnum. Hlutfall þeirra starfsmanna sem svara þessum spurningum játandi er hátt og mjög svipað og árinu áður. Kennarar eru ánægðir með gæði náms við ME og öllum nema tveimur finnst ME góður vinnustaður. Þrátt fyrir það hafa 68% of mikið að gera og 64% finna fyrir streitu vegna starfsins. Þetta eru mjög svipaðar tölur og í könnun frá 2014. Nokkuð stór hluti kennara svarar spurningum varðandi álag og álagsþætti játandi. Vinnuálag, verkefnayfirferð, spannskil, tímaskortur, námsmat, námsefnisgerð og hópastærðir er það sem veldur flestum álagi. Athygli vekur að þeim kennurum sem ekki ná að klára vinnu dagsins á skilgreindum vinnutíma hefur fjölgað úr u.þ.b. 50% í 64% á milli ára. 20% kennara vinna 7 klst. eða meira utan dagvinnutíma, 36% þeirra 5-6 klst. og 24% 3-4 klst. 58% geta ekki stjórnað því hvað þeir hafa mikið að gera og 72% kennara telja vinnuálag á spannskilum of mikið. Þeim kennurum sem finnst umsjónartímar ekki nýtast vel hefur fjölgað. Tæplega helmingi kennara fannst umsjónartímar ekki nýtast vel í könnuninni 2014 en 2015 er það hlutfall 82%. Meirihluti kennara myndi vilja sinna starfi umsjónarkennslu ef það yrði valkvætt starf. Athygli vekur að 55% kennara telja ekki staðið lýðræðislega að ákvarðanatöku á vinnustaðnum, helmingur þeirra segist ekki vera hafður með í ráðum varðandi mál er snerta skólastarfið og jafn mörgum finnst þeir ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru á vinnustaðnum. Auk þess finnst tæplega þriðjungur þeir ekki hafa næg tækifæri til að ræða mál sem snerta starf þeirra. Einungis 68% kennara telja að eins sé komið fram við konur og karla á vinnustaðnum en 89% þeirra að jafnrétti sé á milli kynja í hópi kennara. Flestir kennarar telja nemendur búa við kynjajafnrétti og jafnrétti til náms í skólanum. Kennarar eru almennt ánægðir með vinnuaðstöðuna og telja sig geta viðhaft góðar vinnustellingar. Greinilegt er þó að bæta má vinnuastöðu og búnað í kennslustofum miðað við niðurstöðurnar.

Kennarar eru sáttir með starfsandann og hefur ánægja með hann aukist frá því í fyrra og talsvert aukist ef miðað er við árið 2012. 92% eru sammála því að starfsandinn sé hvetjandi og styðjandi en var 77% í síðustu könnun og tæplega helmingur árið 2012. 92% segja starfsandann afslappaðan og þægilegan á móti 87% í síðustu könnun og 36% 2011, 82% segja hann einkennast af samheldni og jákvæðni sem voru 74% síðast og 36% 2011 og nú telja 8% starfsandann einkennast af sundurlyndi og hópaskiptingu sem í síðustu könnun voru 13% og þar áður 44%. Stór hluti kennara fær stuðning og aðstoð frá skólameistara, öðrum stjórnendum og vinnufélögum og allir nema einn segja samskipti sín við starfsfólk góð. Ánægjulegt er að samskipti við nemendur, starfsfólk og flesta stjórnendur virðast ekki valda kennurum álagi, þó segja sjö kennarar samskipti við skólameistara valda þeim álagi.

³ Spurningalisti könnunar um viðhorf og líðan kennara. Mars 2015. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://me.is/images/kennaraspurningar.pdf).
<http://me.is/images/kennaraspurningar.pdf>

42% kennara hafa tekið eftir óþægilegum ágreiningi á vinnustaðnum, 27% finnst starfsmannahópurinn ekki laginn við að leysa ágreining og rúmlega helmingur hefur orðið var við baktal. Alvarlegt er að þrír hafa orðið fyrir einelti á vinnustaðnum og einn kvíðir oft fyrir því að mæta í vinnuna og tveir stundum.

Streita hefur áhrif á einkalíf 48% kennara. Til samanburðar má nefna að í síðustu könnun var það hlutfall 55% og í könnun frá 2011 67%. Miðað við þessar tölur og að 64%, sem er sama hlutfall og í könnun 2014, finna fyrir streitu vegna starfsins virðist hún vera viðvarandi hjá kennurum skólans.

Næstu verkefni

Samkvæmt aðgerðaáætlun hefur starfshópur um innra mat síðastliðið skólaár beint sjónum sínum að skólastarfi almennt, líðan og viðhorfum nemenda og kennara í víðara samhengi. Áætlað er að leggja viðhorfakönnun fyrir nemendur á haustönn 2015 og kennara á vorönn 2016. Nemendur munu áfram meta áfanga sína en sjaldnar en á þessu skólaári. Rýnihópur verður kallaður saman á næsta skólaári.

Innra mat er öflugt tæki til að bæta skólastarf. Starfsfólk og nemendur taka virkan þátt í að meta skólastarfið og út frá því eru settar fram tillögur um úrbætur. Gera þarf umbótaáætlun sem stjórnendur fylgja og sjá til þess að úrbætur verði framkvæmdar. Starfshópurinn bindur vonir við að nýtt vinnulag verði til þess að umbótaferli verði virkt.

Hópurinn þakkar öllum þeim sem lögðu starfinu lið og tóku þátt í könnunum á skólaárinu.

Egilsstöðum í júní 2015

Jón Ingi Sigurbjörnsson
Árni Ólason
Jóney Jónsdóttir
Kristian Guttesen
Maríanna Jóhannsdóttir
Soffía Ingvarsdóttir